

Stjórnarfundur STEFs 23. september 2020

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs föstudaginn 23. september 2020 og hófst hann kl. 11:00.

Mættir voru: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Páll Ragnar Pálsson og Hildur Kristín Stefánsdóttir. Að auki sat Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjórinn fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar 13. ágúst var samþykkt svo og útdráttur úr fundargerðinni.
2. Yfirlit starfseminnar frá síðasta stjórnarfundum lagt fram og rætt. Lögð voru fram eftirfarandi skjöl og farið yfir þau:
 - a. Umsögn STEFs um breytingu á lögum um endurgreiðslu hljóðritunarkostnaðar.
 - b. IFPI note on CJEU decision in RAAP v PPI.
 - c. Norrænu kvikmyndatónskáldaverðlaunin – breytingar á tilnefningum.
 - d. Bókun höfundafélaga innan IHM.
 - e. Drög að dagskrá málþings um kvikmyndatónlist 3. nóvember n.k.
 - f. Auglýsing fyrir verkefnið „Vindur í seglum“.
 - g. Bréf STEFs til Símans og svarbréf v. SVOD uppgjörs.
 - h. Yfirlit sölu- og innheimtustjóra yfir fjárhagsstöðu og innheimtu.

Framkvæmdastjóri kynnti einnig stuttlega fyrirhugað samstarf tónlistargeirans o.fl. varðandi fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði sem og rekstrarform eigin rekstrar tónlistarfólks.

3. Breytingar á NCB-hljóðsetningarleyfum
Lagt fram: Minnisblað NCB „Re-thinking online synch“

Samþykkt var sú breyting á verkaskiptingu milli NCB og aðildarfélaga, að aðildarfélögin muni frá og með áramótum taka við veitingu hljóðsetningarleyfa fyrir aðra framleiðslu en sjónvarp og kvikmyndir. Verður það gert á samræmdan hátt milli höfundaréttarsamtaka Norðurlandanna og þá á þann hátt, að hljóðsetningarleyfi verður innifalið í leyfi fyrir opinberan flutning á netinu.

4. Mat á útsetningum í hærri flokk

Upplýst var að yfir 1.000 útsetningar þjóðlaga hafa fengið mat í hærri flokk skv. gagnagrunni STEFs. Hins vegar er ekki skýrt í reglum STEFs um flokkun verka að hægt sé að meta útsetningar. Nokkur umræða varð um málið. Var samþykkt að ekki væri ástæða til að gera breytingu á gildandi framkvæmd hvað varðar mat á útsetningum, enda geti þær oft verið mjög umfangsmiklar. Verður reglum um flokkun verka breytt í samræmi við þessa ákvörðun.

5. Cue Sheet og bakvinnsluáskoranir

Hrafnkell Pálmarsson, verkefnisstjóri miðla og erlendra innheimtu, kom sem gestur á fundinn og hélt kynningu. Í stuttu máli sagt snýst málið annars vegar um skort á gerð fullnægjandi Cue Sheets af hálfu framleiðanda og hins vegar um áskoranir STEFs við að úthluta fyrir flutning verka í VOD og þjónustum eins og Netflix, þar sem Cue Sheet eru til staðar. Hvað varðar fyrri hlutann mun STEF fara í kynningarátak

gagnvart framleiðendum, bæði sjónvarpsstöðvum og sjálfstæðum framleiðendum. Þá þarf að kveða skýrar á um skyldu til gerðar fullnægjandi Cue Sheets í samningum STEFs við sjónvarpsstöðvarnar. STEF þarf síðan að vera virkara í að senda Cue Sheet til Cis-Net og að útbúa leiðbeiningar á heimasíðu með tenglum á alþjóðlega gagnagrunna fyrir ISWC og ISRC kóða sem framleiðendur geta notað til útfyllingar á Cue Sheets.

Hvað varðar síðari hluta málsins, þ.e.a.s. úthlutunina, var ákveðið að stjórn myndi veita skrifstofu STEFs heimild til að þróa málið áfram og finna bestu mögulegu lausn, s.s. í samstarfi við STIM. Áréttað er einnig mikilvægi þess að halda áfram að finna betri lausn til frambúðar hvað varðar bakvinnsluna, s.s. með aðild að ICE eða Polaris.

6. Áhrif COVID-19 á íslenskt tónlistarlíf

Lagt fram: Niðurstöður könnunar BHM um áhrif COVID á listageirann (trúnaðarmál)

Bragi Valdimar kynnti vinnu BÍL og mennta- og menningarmálaráðuneytisins hvað varðar aðgerðir til handa listum og stuðningskerfi þeirra. Stjórn fagnaði sérstaklega þeim áfanga að við aukaúthlutun listamannalauna yrði skiptingu milli listgreina breytt frá því sem laun um listamannalaun kveða á um, á þann hátt að sviðslistir fá meira í sinn hlut, enda hefur COVID-19 haft mun meiri áhrif á þann geira en aðra.

7. Keychange Pledge

Lagt fram: Samningsdrög fyrir Keychange Pledge og upplýsingar um hvað það feli í sér.

Samþykkt er að STEF undirriti Keychange eiðinn og undirgangist þar með skuldbindingar um að leitast við að ná fram jafnrétti í störfum sínum og viðburðarhaldi. Tillaga að nákvæmri útlistun eiðsins verður lögð fyrir næsta stjórnarfund.

8. Langspilið og heiðursmerki

Farið yfir stöðuna hvað varðar veitingu „Langspilsins“, en ljóst er að fjarlægðartakmarkanir og samkomubann setja mark sitt á að hægt sé að veita verðlaunin á sama hátt og gert hefur verið undanfarin ár. Stefnt er að því að afhenda Langspilið 30. október n.k. Þá var einnig rætt um hver hljóta muni verðlaunin 2021.

Afhending heiðursmerkis STEFs er einnig sömu annmörkum háð, þ.e.a.s. ekki er hægt að veita verðlaunin að viðstöddum fólksfjölda. Ákveðið er að bíða ekki með að veita Jakobi Frímanni heiðursmerki STEFs fyrir margra ára trúnaðarstörf fyrir STEF og frumkvöðlastarf í þágu íslenskra tónlistarmanna og að veita honum þau á kvöldskemmtun fulltrúaráðs, þann 26. september n.k.

9. Önnur mál

- a. Stjórn undirritaði umboð til Íslandsbanka.
- b. Hver og einn stjórnarmaður undirritaði trúnaðaryfirlýsingu vegna stjórnarstarfa sinna.
- c. Ljósmyndari kom á fundinn og tók mynd af stjórn STEFs.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi slitið kl. 13:00.
